

- 133 Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Lenu Brandson“,
1. ágúst útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst
1941.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Lenu Brandson.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf Lenu Brandson, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 11424.09.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja sjúklinga með jólagjöfum.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafntryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist helmingur vaxta við höfuðstólinn. Hinum helmingnum skal varið til jólagjafa handa börnum á Vífilsstaðahæli.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælisis, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir, og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.